

Ég leyfi mér að votta yður, hr. sendiherra, sérstaka virðingu mína.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Corsino António Fortes
sendiherra

Corsino António Fortes
Ambassador

Hr. sendiherra
Einar Benediktsson
Sendiráði Íslands
París.

H.E. Mr. Einar Benediktsson
Embassy of Iceland
Paris

Nr. 6.

12. júní 1980.

AUGLÝSING

um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Hinn 2. apríl 1980 var með bréfaskiptum utanríkisráðherra Íslands og lögmanns Færeyja gengið frá samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna. Með ályktun 12. maí 1980 staðfesti Alþingi samkomulagið.

Bréfin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júní 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 2. apríl 1980.

Hr. lögmaður,

Með vísan til niðurstaðna viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru í Reykjavík 10. janúar 1979 leyfi ég mér að bera fram tillögu þess efnis, að veittar verði gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna í fiskveiðilögsögu Færeyja og Íslands á árinu 1980. Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verði haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landsstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun verða farið eftir niðurstöðum ofangreindra viðræðna frá 10. janúar 1979.

Ef þér fallist á ofangreint, hr. lögmaður, bið ég um staðfestingu yðar þar að lútandi.

Ólafur Jóhannesson.

Hr. Atli Dam, lögmaður
Føroya landsstýri
Tórshavn

Svar lögmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Tórshavn, tann 2. apríl 1980.

Harra uttanríkisráðharri,

Eg havi tikið ímóti telexavriti av brævi tygara til mín dagfest 2. apríl 1980 um sínámillum svartkjaftaveiðu í 1980.

Við hesum verður váttað, at frá føroyskari síðu verður loyvt íslenskum skipum at veiða 20.000 tons av svartkjafti á sjóðki Føroya í 1980. Eg taki til eftirtektar, at føroyskum skipum verður loyvt at fiska 20.000 tons av svartkjafti á sjóðki Íslands í 1980.

Eg eri samdur í, at gjølligari forskriftir fiskiskapinum viðvíkjandi verða avgreiddar beinleiðis millum fiskimálaráðið í Reykjavík og Føroya landsstýri.

Atli P. Dam, lögmaður.

Harra Ólafur Johannesson

Uttanríkisráðharri

Reykjavík.

12. júní 1980.

Nr. 7.

AUGLÝSING**um aðild að Genfarbókuninni við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti.**

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis samþykktari 11. mars 1980 var hinn 15. apríl 1980 afhent fullgildingarskjal Íslands að Genfarbókuninni 1979 við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT). Bókunin var gerð í Genf hinn 30. júní 1979 og undirrituð af Íslands hálfu hinn 18. september 1979 með fyrirvara um fullgildingu. Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti var gert hinn 30. október 1947 og var birt sem fylgiskjal með auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 8/1968, ásamt Genfarbókuninni 1967 og sérstakri bókun viðvíkjandi aðild Íslands.

Aðild Íslands að Genfarbókuninni 1979 tók gildi 15. apríl 1980.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júní 1980.

Ólafur Jóhannesson.

*Hörður Helgason.***Fylgiskjal.**

**GENFARBÓKUNIN 1979
VIÐ HIÐ ALMENNA SAMKOMULAG
UM TOLLA OG VIÐSKIPTI**

Samningsaðilar að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti og Efnahagsbandalag Evrópu sem tóku þátt í marghliða viðskiptaviðræðunum 1973—1979 (hér á eftir nefndir „þátttakendur“) og

**GENEVA (1979) PROTOCOL
TO THE GENERAL AGREEMENT
ON TARIFFS AND TRADE**

The contracting parties to the General Agreement on Tariffs and Trade and the European Economic Community which participated in the Multilateral Trade Negotiations 1973—79 (hereinafter referred to as “participants”),